

## ÆFING: SPIL UM TUNGUMÁL OG FORELDRAÞÁTTTÖKU

### MARKMIÐ:

Að fá hugmyndir að því hvernig hægt er að virkja móðurmál tvítýngdra barna í viðfangsefnum og leik og starfi leikskólans, með aðstoð foreldranna.

### SVONA GERIÐ ÞIÐ:

Setjist saman í hóp. Klippið spilin út. Leggið þau á grúfu í bunka á borðinu.

Eitt ykkar byrjar á því að taka spil úr bunkanum.

Lesið upphátt af spilinu og svarið spurningunni saman. Skrifið svarið á spilið.

Haldið áfram sólarinnis, þar sem sá næsti tekur spil úr bunkanum.

#### 4. Verkefni - Að virkja foreldra með áherslu á málþroska barnsins

**HVERNIG GETUM VIÐ FENGIÐ FORELDRANA TIL AÐ HJÁLPA OKKUR VIÐ AÐ HUGSA MÓÐURMÁL INNI Í VERKEFNI LEIKSKÓLANS, Í SAMVERU OG HÁDEGISMATINN?**

T.d. má gefa foreldrunum lítil verkefni sem felast í því að skrifa orð á móðurmáli sínu á orðavegg

**HVERNIG GETUM VIÐ STUÐLAÐ AÐ SAMEIGINLEGUM UPPLIFUNUM MEÐ FORELDRUM?**

T.d. með vettvangsferðum með börnum og foreldrum, sirkus, vorhátíð

**HVERNIG GETUM VIÐ HJÁLPAÐ BARNINU AÐ SEGJA FRÁ ÞVI SEM ÞAÐ GERÐI Í FRÍINU SÍNU?**

T.d. með því að biðja foreldra um að taka myndir í fríinu og hjálpa barninu sínu að safna hlutum í skókassa t.d. steinum, myndum, miðum o.s.frv sem barnið getur sagt frá í leikskólanum.

**HVAÐ VÆRI ÁHUGAVERT AÐ VITA UM TUNGUMÁL BARNINS OG FORELDRANNA?**

T.d. hvaða mál barnið talar við foreldra sína?

T.d. hvert er móðurmál foreldranna og hafa þau lært íslensku?

T.d. hafa foreldrarnir einhverjar spurningar eða áhyggjur í tengslum við málþroska barnsins?

#### 4. Verkefni - Að virkja foreldra með áherslu á málþroska barnsins

##### **HVERNIG GETUM VIÐ FENGIÐ HJÁLP FRÁ FORELDRUM VIÐ AÐ HUGSA MÓÐURMÁL INN Í HÁDEGISMATINN?**

T.d. með því að skrifa orðalista um matvörur á ýmsum tungumálum

##### **HVERNIG GETUM VIÐ FENGIÐ FORELDRA TIL AÐ TAKA ÞÁTT Í DAGLEGUM VERKEFNUM LEIKSKÓLANS**

T.d. með því að gefa foreldrunum lítil verkefni sem felast í því að skrifa orð á móðurmáli sínu á orðavegg

##### **HVERNIG GETUR ANDDYRIÐ OG FATAKLEFINN ENDURSPEGLAÐ MÖRG TUNGUMÁL?**

T.d. með því að skrifa velkomin á mörgum tungumálum, með fatasnúru með fötum sem einkenna árstíðina og orðum á ýmsum tungumálum.

##### **GETUM VIÐ BÚIÐ TIL MÖPPU MEÐ LJÓSMYNDUM FRÁ DAGLEGU STARFI EÐA TVÍTYNGISORÐABÓK SEM FORELDRARNIR TAKA MEÐ HEIM?**

- Og hvatt foreldrana til að skrifa orð og setja inn myndir að heiman.